



207. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 20. september 2022, á Teams

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Arnar Kristjánsson, Karl Kristjánsson, og Magnús A. Sigurðsson

Forföll: Arnheiður Jónsdóttir, Valdís Einarsdóttir og Sigurður Halldór Árnason forfölluðust og ekki náðist í varamenn þeirra vegna skamms fyrirvara.

Fundarritari: Jakob Stakowski

Formaður setti fund kl. 11.02

1. Fundargerð 205. fundar

Fundargerð 205. fundar nefndarinnar frá 16. ágúst 2022.

Afgreiðsla:

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

2. Umsögn vegna byggingarleyfisumsóknar á þangvinnslu við Nesveg 22a í Stykkishólmi

Fjallað var um drög að umsögn Breiðafjarðarnefndar vegna byggingarleyfisumsóknar á þangvinnslu í Stykkishólmi.

Afgreiðsla:

Jakob las drögin fyrir nefndina og í kjölfarið var rætt um þau. Nefndin samþykkti að gera nokkrar breytingar áður en umsögnin verður send til byggingarfulltrúa Stykkishólmsbæjar. Jakob gerir þær breytingar og sendir svo umsögnina.

3. Auka umsögn vegna tillögu að deiliskipulagi fyrir hótél í landi Skerðingsstaða, Grundarfjarðarbæ

Nefndin sendi frá sér umsögn varðandi tillögu að deiliskipulagi fyrir hótél í landi Skerðingsstaða, Grundarfjarðarbæ. Eftir frekari athugun hefur nefndin ákveðið að senda auka umsögn. Efni hennar var rætt á fundinum.

Afgreiðsla:

Jakob sagði frá upplýsingum sem virðast sýna skýrt að Lárvaðall er hluti af verndarsvæði Breiðafjarðar. Rætt var um málið og var niðurstaðan sú að Jakob skrifi auka umsögn og sendir hana á nefndina til staðfestingar. Í kjölfarið mun Jakob senda umsögnina til skipulagsfulltrúa Grundarfjarðarbæjar fyrir hönd Breiðafjarðarnefndar í síðasta lagi mánudaginn 26. september.



4. Önnur mál

Erla lagði til að starfsmaður Breiðafjarðarnefndar ynni stutta skýrslu um vettvangsferð sem farin var 22. og 23. ágúst. Tillagan var samþykkt. Jakob mun skrifa skýrslu og leggur hana fyrir nefndina þegar hún verður tilbúin.

Engin önnur mál voru rædd.

Næsti fundur verður 25. október, kl. 10.00, á Teams. Þarnæsti fundur Breiðafjarðarnefndar verður staðfundur í Stykkishólmi. Fundurinn verður haldinn 22. nóvember.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.00.